



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hagaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Virðing - Hugrekki	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
■ Innra mat Álfalands	5
■ Innra mat Krílalands	7
■ Innra mat Putalands	12
■ Innra mat Fiskalands.....	13
■ Innra mat Fuglalands	15
■ Innra mat Sérkennsludeildar	17
3 Ytra mat	19
■ Foreldrakönnun	19
■ Starfsmannakönnun	19
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
6 Foreldrasamvinna	20
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
8 Fylgigögn.....	21
■ Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	21
■ Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
■ Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21
■ Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal	29



Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Virðing - Hugrekki

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2019 – 2020 var með eindæmum sérstakt. Framan af skólaári gekk flest sinn vanangang en á vorönn var leikskólastarfið ekki svipur hjá sjón. Ástæður eru vel þekktar. Stærsta ástæðan er útbreiðsla Covid-19 faraldursins um allan heim. Samkomubann var sett á frá miðjum mars og í þessum skrifuðu orðum eru afleiðingar faraldsins ennþá viðvarandi. Faraldurinn hafði gríðarleg áhrif á leikskólastarfið og mun líklega hafa áhrif um ókomin tíma. Í byrjun febrúar skall á verkfall hjá starfsfólki Eflingar sem stóð yfir í til 10. mars. Það var því skammt stórra hægga á milli. Og til að bæta gráu ofan í svart gerði hér vonskuveður um allt land þann 13. febrúar, sem olli því að leikskólastarfi var aflýst 14. febrúar. Áhrif þessa alls voru þau að faglegt starf á vorönn féll nánast alfarið niður en leikskólastarfið í verkfallinu og í samkomubanninu var mjög takmarkað. Þá voru börn að mæta í smærri hópum og hluti af bæði barna- og starfsmannahópnum mættu ekkert á meðan á þessu stóð. Sem betur fer náðum við að halda í ákveðnar hefðir í lok skólaársins, þó að þær hafi verið með aðeins öðru sniði. Sem dæmi má nefna útskrift og útskriftarferð elstu barnanna. Við gátum boðið upp á hefðbundna útskriftarferð og foreldrum var boðið að vera með í útskriftinni. Sumarhátíð leikskólans var haldin án foreldra að þessu sinni en hún heppnaðist samt sem áður með ágætum. Það sem við lærðum á þessu skólaári var að hugsa í lausnum og að leikskólinn er klárlega ein af grunnstoðum samfélagsins.

Á haustönn réðum við inn fagvörð í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar. Aron Ingi Guðmundsson var ráðinn í starfið og notaði hann haustmánuði til að meta starfið í Hagaborg. Hann skilaði af sér skýrslu í lok ársins og fór yfir hana með starfsfólki á starfsdegi 2. janúar 2020. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru þær að starfið í leikskólanum samræmist að miklu leyti nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar en tækifæri væru í að auka þátttöku barna í starfinu, t.d. í sköpunarferlinu og að hafa áhrif á ákvarðanir í leikskólanum. Þessir þættir tengjast félagsfærni og sköpun sem eru tveir af fimm grundvallarþáttum menntastefnunnar. Það var margt sem kom fram í skýrslu fagvarðar sem á eftir að nýtast leikskólanum en það var samdóma álit stjórnenda að það hefði margt mátt vinna betur í skýrslunni og að hún hafi litlu bætt við þá þekkingu sem var þegar til staðar í stjórnendahópnum.

Áætlað hafði verið að gera árlegt endurmat leikskólans á starfsdegi í apríl 2020 en út af þeim ástæðum sem þegar hafa verið nefndar hér að framan varð ekkert úr því endurmati. Í þessari starfsáætlun fylgir því sama endurmat og var gert á síðasta ári en við áætluðum að framkvæma endurmat á starfsdegi á vorönn 2021. Taka skal fram að sífellt endurmat fór fram á fundum



stjórnendateymis leikskólans en það var ekki formlegt endurmat eins og við gerum vanalega einu sinni á ári. Út frá þessu óformlega símati var ákveðið að taka umræður á starfsmannafundi sem var haldinn á síðasta starfsdegi skólaársins, 22. maí 2020. Niðurstöður fundarins voru að auka samræmi á milli deilda, bæði á orði og borði. Meðal annars var ákveðið að nota orðið frjáls leikur á dagskipulagi þar sem átti við um frjálst fæði, val eða frjálsan leik. Einnig var ákveðið að nota orðið síðdegishressing í stað nónhressingar eða kaffitíma. Einnig var farið yfir hvaða grunnur eigi að horfa til þegar kemur að faglegu starfi. Þ.e. hve oft ákveðnir þættir eigi að fara fram á hverri deild, t.d. Leikur að læra, vináttu verkefni Barnaheilla, hópastarf og útivera.

Starfsmannahópurinn mun haldast að mestu leyti sá sami á næsta skólaári. Laura Matysiak leikskólakennari læt af störfum og kemur Thelma Karlsdóttir aftur úr fæðingarorlofi. Julija Pokotilo fór í eins árs fæðingarorlof og sem afleysing í hennar stað var ráðin Stefanía Dröfn Egilsdóttir.

Á komandi skólaári verða eftirfarandi atriði endurmetin:

- Námskrá leikskólans
- Starfsáætlun
- * Starfsmannahandbók
- * Líðan barna



2 Innra mat deilda

Innra mat Álfalands

Umbótaþættir	Markmið með umbótu m	Aðgerðir til umbóta	Tímaá ætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð Hver framkvæm ir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðaspjall	Auka grunnorða forða	Finna orð í bókum sem er myndrænt, notast líka við myndir. Velja bók sem höfðar til barnanna, kynna bókina fyrir starfsfólkinu og velja orðið. Mynd og orðið sett á vegg á góðum stað á deildinni	Vikulega frá septemb er - maí	Deildarstjó ri og starfsmen n	Í lok október og lok mars skoða starfsmenn orðin sem eru komin. Eru þetta orð sem passa fyrir 1. árs og 2. ára börnum	Að heyra börnin nota orðin í daglegu tali og að börnin bregðist við á þann háttsem orðið gefur til kynna
Heilbrigði og velferð	Að efla samskipti og efla hreyfingu	Skiptum börnunum í hópa og einn starfsmaður með í leiknum. Föllum út fyrir hádegi, föllum í gönguferðir, gerum æfingar í sal	Septem ber - maí	Deildarstjó ri og allir starfsmen n	Fara yfir hvernig gengur á deildarfundi og jafnvel taka myndbönd sem hægt er að sjá framfarir	Að börnin noti orð í stað handalögmáls. Börnin geti labbað án þess að það þurfi að halda á þeim í styttri vegalengdum

Sjálfbærni		og inni á deild				
	Bera virðingu fyrir umhverfinu	Fræðsla, fara í gönguferðir til að tína rusl og kenna þeim að láta ekki vatnið renna	Septem ber - maí	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Minna á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu, ekki slíta laufið af trjánum o.sv.fr.	Að börnin verði meðvituð um mikilvægi þess að ganga vel um jörðina okkar
Vináttuverkefnið	Nýta nýja efnið	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn fari á námskeið um Vináttuverkefnið fyrir yngstu börnin. Ákveða svo í samræmi við áætlun deildarinnar hvað tekið er fyrir	Einu sinni í viku frá september – maí. Daglega í orðræðunni	Deildarstjóri sér um innlögn	Taka myndband af leik barna í september, síðan í desember og seinasta myndbandið í lok annar í maí	Að samskipti, virðing og hjálpsemi verði sýnileg í leik barna



Endurmat í Hagaborg- gert 2. janúar 2019

Samantekt: Álfaland og Krílaland unnu saman að þessu endurmati. Í matsáætlun Hagaborgar í skólanámskrá voru eftirfarandi þættir lagðir til endurmats á liðnu skólaári.

- ✓ Námskrá Hagaborgar
- ✓ Starfsáætlun 2018-2019
- ✓ Líðan barna
- ✓ Aðbúnaður deilda
- ✓ Fjölmenningsstefna Hagaborgar
- ✓ Gildi Hagaborgar

Starfsmenn voru hvattir til að sýna hreinskilni í endurmati svo það mætti skila tilætluðum árangri.

Námskrá leikskólans

Skoðaði átti þrjú yfirmarkmið leikskólans og gefa álit okkur á hvernig gengur að ná þessum markmiðum.

Markmið 1

Helsta viðmið okkar er að þau mæta glöð og ánægð í leikskólann. Rútína, reglufesta og svipuð stundaskrá á milli allra deilda á sinn þátt í að skapa öryggi barnanna og vellíðan. Hvatning og hrós eru mikilvægir þættir og er vel veitt af þeim á Álfalandi og Krílalandi. Að ýta á þau að gera aðeins meira s.s. í fataklefa eflir sjálfstraust þeirra. Þá er hjálpsemi þeirra við hvert annað sífellt meira áberandi.

Markmið 2

Leikskólinn sé lærdómssamfélag- þar kemur kennsluaðferðin „Leikur að læra“ sterk inn. Á Krílalandi er farið yfir undirbúningsstigið yfir veturinn. Á deildunum er boðið upp á fjölbreyttan efnivið, miðað við aldur. Leikur bæði úti og inni er mikilvæg þroskaleið. Við hvetjum til jákvæðra samskipta og samræðna. Börnin fá tækifæri til að taka þátt í daglegu starfi með því t.d. að hafa áhrif á hvað er í boði hverju sinni. Reglulega gerum við símat um það sem vel gengur og það sem má bæta.

Markmið 3

Við reynum að skoða hvert barn fyrir sig. Umgangast hvern og einn af virðingu. Taka tillit til ólíkra þarfa hvers og eins.

Læsi og samskipti er eitt af námssviðum leikskóla. Hvernig náum við að uppfylla markmiðum okkar?

Markmið: Kennum þeim orð yfir tilfinningar. Fáum þau til að segja frá í stað þess að gráta. Gefa þeim orð yfir hvernig þeim líður.

Leiðir: Erum að vinna samkvæmt leiðunum. Orðaspjall mætti vera markvissara á Kríla, er ekki á Álfa.

Vera enn duglegri að setja orð á alla hluti. Vinnum stöðugt að því að hjálpa þeim að leysta úr ágreiningsmálum.

Að innleiða námskránna betur – ræða námskrá meira á deildarfundum. Mætti vera sýnilegri í starfinu einkum í orðræðu. Allt starfsfólk fái undirbúningstíma til að kynna sér hana og fjölmenningarstefnu.

Gildi

Markmið og leiðir að þeim eru í takt við raunveruleikann. Eftir síðasta þema var sjónum beint að hugrekki. Þá hefur ósjálfrátt verið meiri meðvitund og skilningur á því gildi meðal starfsmanna.

Þema um gildi

Var ekki markvisst á Álfa en á Kríla var unnið með orðræðuna. Hugrekki meira huglægt en sýnilegt. Gætum gert þetta meira sýnilegt.

Líðan barna

Hugmyndir til að meta líðan barna. Hvað segja börnin um okkur heima. Skrá það niður hjá okkur. Senda matslista heim. Spyrra líka í leikskólanum. Bera saman svörin. Í ljós kom að þetta var ekki að virka fyrir yngri börnin. Hinsvegar hafa foreldrar verið duglegir að segja frá í foreldraviðtölum (amk á Kríla) og virðist sem bæði þeir og börnum líði vel. Þannig að það má segja að öflug samskipti við foreldra og skráning á því væri besta matstækið á yngri deildum.



Aðbúnaður deilda

Er hann góður eða slæmur? Margt hefur lagast í aðbúnaði deilda síðustu ár, bæði hvað varðar húsgögn og leikefni. Mun auðveldara að fá efnivið. Það sem helst mætti bæta er að setja hillur fyrir ofan hólfin fyrir aukaföt. Skiptidýnur á Álflandi -mætti e.t.v. kaupa sérsniðnar með efni sem auðvelt er að þrifa.

Fjölmenningsstefna Hagaborgar

Hversu vel á veg erum við komin í að innleiða stefnuna? Gera þarf hana sýnilegri fyrir alla. Starfsfólk lesi þetta í undirbúningi. Ekki hefur reynt á hana á Kríflandi í vetur en er nýtt á Álfalandi.

Starfsáætlun -umbótaráætlun næsta árs

Orðaspjall: höfum rætt orð í bókum en skort hefur upp á að setja þau í fataklefa og nota þau í fjölbreyttum aðstæðum.

Að efla samskipti: erum dugleg að hvetja þau til að tala saman. Vináttuverkefnið notað. Í febrúar verður sett upp leikrit. Það vantar allar skráningar.

Verndun jarðarinnar: förum í göngutúra í haust og ræddum mikið um breytingar á náttúrinni og fleira tengt henni.

Umgengi: lítið verið gert nema minna börn á í útiveru að sandurinn eigi að vera í sandkassanum. Vantar samstillt átak allra deilda. Eru dugleg að taka saman innivið.



Umbótaþætti r	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ hver framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni, hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæða lýsing og / eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðaspjall	Auka milli-orðaforðana	Finnum orð í bókum / daglegu tali. Velja bók sem höfðar til barnanna, velja orð sem er myndrænt og færa það inn í daglega orðræðu. Kynna orðið öllu starfsfólki á deildinni. Orðið er sett á miða sem festur er á renning í fataklefa.	Vikulega í september-maí	Deildarstjóri / Laura	Í lok október og mars. Skoða orðin sem komin eru (miðunum safnað saman). Eru þau í milliorðaforða sem hentar 2-3 ára börnum?	Að heyra börnin nota orðið í daglegu tali / að börnin bregðist við á þann hátt sem orðið gefur til kynna.



Heilbrigði og velferð		Senda í tölvupósti til foreldra í vikulok.				
	Að efla samskipti	Þema og leikræn tjáning. Skráningar – bæði í myndum og texta.	Í október og febrúar	Deildarstjóri	Eftir þemavinnu na, skoða skráningar. Varð framför á samskiptum barnanna?	Að börnin biðji um og segi frá í stað þess að nota bendingar og annan tjáningarmáta.
Sjálfbærni	Verndun jarðarinnar	Fræðsla, bækur, veraldarvefurinn. Safna rusli.	Í september, apríl og maí.	Deildarstjóri	Í lok september og apríl. Fara í gönguferðir, fjöruferðir og spyrja börnin út í fræðsluefnið.	Að börnin verði meðvituð um hvers vegna við þurfum að ganga vel um jörðina okkar.
Vináttuverkefnið	Nýta nýja efnið	Nýta ársætlun deilda til að skilgreina hvað skal tekið fyrir hverju sinni	Einu sinni í viku í sept.-júní. Daglega í orðræðu	Deildarstjóri sér um innlögn	Myndræn skráning af leik barna í september, desember og mars.	Að samskipti, virðing og hjálpsami verði sýnilegri í leik.



Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðaspjall	Bæta orðaforða hjá börnum og sýna möguleika á að nota ný orð í daglegu lífi	Við undirbúum það nokkrum dögum fyrr. Við veljum bók, leitum að orðum. Við skrifum orð á miða sem við setjum upp á vegginn inni á deildinni	Vikulega í september - maí	Deildarstjóri /allir starfsfólk á deildinni	Einu sinni í mánuði tökum við af söfnuðum orðum okkar og fara í orðaspil með þeim	Við heyrum hvernig börn nota orð og muna hvað þýðir orðið.
Vináttuverkefni	Að efla samskipti, fyrirbyggingu einelti.	Notum spjöld og blær með þá 1 sinni í viku. Við tölum um myndir, börn svara spurningum. Prenta út litlar myndir, börn hengja þær þar sem þeir vilja til að minna á.	Vikulega í október - maí	Deildarstjóri /allir starfsfólk á deildinni	Á samverustundum oft tölum við börnin um litlu myndirnar sem börn hafa hengt upp áður, það sýnir okkur hversu mörg börn muna og hversu mikið þau lærðu.	Við sjáum greinilega hvernig hegðun barna hefur breyst. Fleiri börn sýndu hugrekki og voru reiðubúnari til að verja vini sína ef þeim var strítt eða þeir lagðir í einelti.
Heilbrigði og velferð	Hvetjum til að leiða heilbrigðan lífstíl, efla samskipti.	Erum með könnunaraðferð sem er þema líkaminn í hópastarfi.	Vikulega í september - maí	Deildarstjóri /allir starfsfólk á deildinni	Við notum öll tækifæri og öll efni í hópastarfi, stuðlum hreyfingu mikið á LAL verkefni og úti, notum sal. Tölum saman um samskipti, notum	Hvern dag sjáum við hversu mikið börnin hafa breyst í leikjum inni og úti. Samskipti barna hafa breyst, þau geta sagt frá þörfum þeirra og leika saman, skiptast á.

Umgen gni					vináttu verkefni í samverustund .	
	Kynnum almennar hegðunarreglur	Umræður sameiginlegar reglur (komu í maí 2018) Minnum á innireglur í samverustund , matarborð og frjálssleik.	Vikulega í september - maí	Deildarstjóri /allir starfsfólk á deildinni	Við erum að hvetja krakkana til þess að ganga frá leikföngum eftir sig, að henda rusli í ruslið. Við erum að kenna krökkunum sjálfstætt að hafa hreint í kringum sig. Við minnum á að sandurinn sé í sandkassanum.	Í daglegu lífi getum við séð hvernig börnin muna eftir reglunum og fylgja reglunum. Spyrja spurninga og spjalla við þau.

Innra mat Fiskalands

Umbótaþættir Xxx deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Orðaspjall	Auka milliorðaforða. Auka orðaforða almennt.	Með innlagningu orða í gegnum lestur, kynningu á orðunum og notkun í daglegu tali. Virkja betur orðin sem við erum að leggja inn með að setja á veggspjald.	Tvær sögustundir í viku verður tekið fyrir orð sem útskýrt er og þælt í og sett á veggspjald. Í hverri viku er veggspjaldið skoðað og spurt og talað um orðin.	Deildarstjóri, en allir starfsmenn Fiskalands koma að framkvæmd.	Athuga hvernig barnahópurinn er að ná að inntaka þau orð sem lögð eru fyrir. Athugun í nóvember og febrúar.	Að börnin skilji orðin sem tekin eru fyrir og jafnvel noti þau í daglegu tali..
	Vináttuverkefni	Í átt til betra samfélags	Notum spjöld og blær með þá 1 sinni í viku. Við tölum um myndir, börn svara spurningum. Prenta út litlar myndir, börn hengja þær þar sem þeir vilja til að minna á.	Vikulega í september-maí	Deildarstjóri/allt starfsfólk á deildinni	



LAL	Auka grófhreyfingar, læra tölur og bókstafi. Margt fleira.	Setja upp 2 tíma á viku með hreyfingu og vera tilbúin með kennsluplan fyrir önn. Skipuleggja u.þ.b. 30 tíma fyrir áramót Hvað verður tekið fyrir í hverjum tíma.	Tvisvar í viku verður farið í Leikur að læra. Eitt skipti í salnum og eitt skipti inn í innra herbergi.	Staðan athuguð í desember hvernig hefur gengið og hvað væri betra að gera. Mögulega verða tímar í KR. Þarf að skoða í haust.		
-----	--	--	---	--	--	--

Innra mat Fuglalands

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Orðaspjall	Auka milliorðaforða. Auka orðaforða almennt.	Með innlagningu orða í gegnum lestur, kynningu á orðunum og notkun í daglegu tali	Alla daga september til maí	Deildarstjórar	Í lok október og mars. Kanna hvaða orð úr orðasafni vetrarins eru orðin börnunum töm með því að velta upp	Að heyra börnin nota orðin í daglegu tali.

		Auka bókakost, kaupa bókavagn og hvetja til lesturs bóka.			orðunum sem við höfum lagt inn og spyrju um þýðingu þeirra.	
Vináttuverkefni ið	Að auka meðvitund barna um gildi vináttu	Nýta efnið sem fylgir vináttuverkef ni Barnaheilla og auka umræður milli barnanna um gildi vináttu umræðufund ir	Tvisvar til þrisvar í viku sept- til júní Daglega í orðræðu Fundir aðra hverja viku	Deildarstjórar	Fundagerðir skoðaðar og samskipti barna metin út frá þeim og athugum hvort árangur hafi náðst. Í september, desember og mars	Að samskipti, virðing og hjálpsemi verði sýnilegri í leik og daglegum samskiptum.
Aðbúnað deildar	Að bæta aðbúnað á deildinni í samræmi við það viðhald sem unnið hefur annars staðar í húsinu.	Endurnýja hillur og húsbúnað Taka eldhús og salerni í gegn.	Gera áætlun um þá þætti sem mest liggur á og raunhæft er að gera og setja dýrar framkvæmdi r á fjárhagsáætl un	Deildarstjórar	Endurmeta í mars hvernig til hefur tekist og endurskoða áætlun	
Sjálfbærni	Auka vitund barna um mikilvægi náttúruverndar.	Fræðsla, auka flokkun, vettvangsfer ðir og umræður um mikilvægi náttúruvernd ar	Á hverjum degi allt árið	Deildarstjórar	Í lok september og apríl með þemavikum þar sem við ræðum og vinnum með þá þætti sem lagðir hafa verið áherslur á.	Að börnin verði meðvituð um mikilvægi náttúruverndar .



Umbótaþættir Xxx deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissar skráningar	Fundargerðir teymisfunda sendar til meðlima teymis eftir fund	Eyðublöð í möppu.	Er hafið en þarf að gera alltaf	Sérkennslustjóri		Að fundargerðir sáu alltaf sendar út eftir fundi
Notkun myndbandseftir hermu í kennslu	Æfa okkur í notkun myndbandseftir herma í t.d. leik- og félagsfærniþjálfun	Útbúa myndbönd þar sem það á við í þjálfun	Hefur verið notað en viljum nota meira	Sérkennslustjóri	Gögn frá námskeiði	Að nota myndbandsþ jálfun a.m.k. 5 sinnum yfir veturinn
Skipulagðara samstarf við deildarstjóra	Formlegir fundir sérkennslustjóra og deildarstjóra	Formlegir fundir haldnir og fundargerð send út eftir fundi	Sept 2019 og svo í fyrstu viku hvers mánaðar	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Fundir	Að fundir séu haldnir í hverjum mánuði
Miðlun upplýsinga og samskipti við foreldra	Finna skilvirka leið í stað facebook.	Prófa smáforrit og fleiri miðla og sjá hvernig reynist.	Ágúst 2019 - maí 2020			

Fjölmenningarstefnan – börn með annað móðurmál		Einnig fylgjast með þróun vala.is				
	Skerpa betur verkaskiptingu milli sérkennslustjóra og deilda	Setjast niður með deildarstjórur og fara yfir hver gerir hvað í móttöku og málörvun barna með annað móðurmál en íslensku.	Hófst haust 2018 og heldur áfram	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Fundur í haust og svo endurmat í janúar	Að allir séu meðvitaðir um hlutverk sitt við framkvæmd



3 Ytra mat

Foreldrakönnun

Engin foreldrakönnun var framkvæmd á síðasta skólaári.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fyrir skólaárið 2019 – 2020 gekk vel en þó var ekki mikil hækkun heilt yfir.

Árangurinn var ásætlanlegur en tilefni til að rýna vel í niðurstöður og skoða hvar tækifærin birtast.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).
 - Starfsþróunarsamtöl fara fram í mars á hverju ári og leikskólastjóri tekur samtölin. Starfsfólk undirbýr sig undir viðtalið með því að fylla út eyðublöð.
- Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)
 - Símenntun var helst í formi námskeiða sem tengjast áherslum okkar, s.s. Leikur að læra, Vináttu námskeið og Orðaspjall.
 - Leikur að læra – Nýliðanámskeið að hausti og haustpepp á fyrsta starfsdegi.
 - Kynvituna barna. Fræðsla frá samtökunum 78 á starfsdegi 2. september 2019.
 - Miðja máls og læsis. Fræðsla um fjölmenningu á starfsdegi 6. nóvember 2019.
 - Fagvörður. Kynning á skýrslu fagvarðar á starfsdegi 2. janúar 2020.
- Áætlun um símenntun í leikskólanum (Áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
 - Stefnt verður að því að fá inn fræðslu um staðalímyndir og mikilvægi þess að rýna vel í bækur, sögur og söngva sem borið er á borð í leikskólanum. Líkleg kynning frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur verkefnastýru jafnréttismála á SFS.
 - Stefnt verður að því að fá hópefli eða fræðslu um mikilvægi góðra samskipta á vinnustað. Líklega verður leitað til Ragnhildar Vigfúsdóttur markþjálfara.
 - Skoðað verður að fá inn fræðslu um skyndihjálp á vorönn.
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).
 - Áætlað er að leikskólinn fari í námsferð til Brighton á Englandi í maí 2021. Ferðin féll niður á vorönn 2020.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áherslur í samstarfi Melaskóla, Selsins og Hagaborgar eru fyrst og fremst að brúa bilið á milli skólastiga. Bæði með því að auðvelda skólahópnum í Hagaborg flutning yfir í grunnskólann sem og að tryggja að á öllum skólastigum sé unnið eftir bestu getu, sérstaklega með læsi, en einnig með aðrar áherslur úr Aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Rvk. Áætlun vetrarins hljóðar upp á þrjár heimsóknir skólahóps, í íþróttatíma, á bókasafn og að lokum í kennslustofu. Einnig er hópnum boðið í heimsókn í Selið.

6 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
 - Í foreldraráði Hagaborgar eru a.m.k. þrír foreldrar sem eru kosnir til starfa í september ár hvert. Hlutverk foreldraráðs er að vera ráðgefandi um ýmis gögn sem snúa að starfinu, s.s. námskrá leikskólans og starfsáætlun.
- Foreldrafundur (dagsetningar, fyrirkomulag).
 - Kynningarfundir deilda fara fram í september í sal leikskólans á 2. hæð. Fundirnir fara fram í byrjun dags en þá er farið yfir áherslur í fagstarfi leikskólans og deildarinnar ásamt kynningu á helstu viðburðum vetrarins.
- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).
 - Foreldraviðtöl fara tvisvar á ári. Í október og apríl.
- Foreldrafélag.
 - Í foreldrafélagi Hagaborgar eru valdir þrír foreldrar frá hverri deild eða fimmtán foreldrar fyrir allan leikskólann. Fimm eru aðalfulltrúar og 10 varafulltrúar og helstu verkefni félagsins eru meðal annars jólaballið, sumarhátíð og fjölskyldufjör.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sem hér segir:

17.8.2020 (starfsdagur frá vorönn 2020)

4.9.2020

11.11.2020 (Sameiginlegur með Melaskóla)

4.1.2021 (Sameiginlegur með Melaskóla)

10.5.2021 (Sameiginlegur með Melaskóla)



20.5.2021

21.5.2021

Leikskóladagatalið er í fylgiskjöllum hér fyrir neðan.

8 Fylgigögn

■ Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

■ Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

■ Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hagaborgar

Ólafur Bjarkason

16.7.20

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	3	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	0	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	20	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4 starfsmenn (3 stöðugildi)	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Kemur fram í námskrá Hagaborgar
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	Kemur fram í námskrá Hagaborgar
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	Þau börn sem fá úthlutað stuðningi úr 1. eða 2. flokki eru með einstaklingsnámskrá sem samþykkt er af teymi barnsins
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Deildarstjóri er í teymi barnsins og veit hvað er unnið með hverju sinni. Aðrir starfsmenn fá upplýsingar um þá þætti sem snúa að deildinni.
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	Stofnuð eru teymi um mál barna í 1. og 2. flokki. Foreldrar annarra barna sem eru í sérkennslu koma í viðtöl hjá sérkennslustjóra eða sérkennslustjóri kemur með í foreldraviðtöl deildarstjóra.
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	Eftir þörfum



Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Sjónstöð, talmeinafræðingar, iðjuþjálfar, sjúkráþjálfar.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	Eftir þörfum.

Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráningar	S					
	Allir starfsmenn sérkennslu ná góðum tókum á skráningu skv. leiðbeiningum GRR um <i>villulausa þjálfun.</i>	Notum villulausa þjálfun og skráningar við alla innlögn á orðaforða í málörvun. Aðstoðum hvor aðra eftir þörfum.	Er hafið en viljum gera betur.	Sérkennslustjóri og starfsmenn sérkennslu	Endurmetið í október 2019 – er þörf á að fara á námskeið?	Að öll innlögn orðaforða sé eftir <i>villulaus þjálfun</i> aðferðinni með tilheyrandi skráningum.



Fundir og samskipti						
	Skipulagðari samtöl og samvinna milli deildarstjóra og sérkennslustjóra	Formlegum fundum með hverjum deildarstjóra í upphafi mánaðar.	Sept 2019 og aldrei lokið	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Skrá efni fundanna í þar til gerða bók – sérkennslustjóri skráir	Að fundir séu haldnir með formlegri hætti en nú er gert og í hverjum mánuði.
	Skilvirk upplýsingamiðlun til foreldra barna í sérkennslu	Ekki alveg víst hvernig er besta að háttá málum eftir að facebook hætti að vera í boði. Mögulega vala.is eða finna hentugt app.	Prófa okkur áfram í haust og sjá hvað virkar (og brýtur ekki persónuvern darlög).	Sérkennslustjóri		



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Málörvunarhópar sem sérkennsludeild sér um.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Orðaspjall, Leikur að læra, daglegur lestur, söngur og vísur. Starfsfólk vandar orðaval og leggur orð á hluti.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Orðaspjall, Leikur að læra, daglegur lestur, söngur og vísur. Starfsfólk vandar orðaval og leggur orð á hluti.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Hvert barn er með einstaklingsnámskrá en það verður tekið fastari tókum með innleiðingu á TRAS og MÍÓ.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	



Starfsáætlun 2020 – 2021

Hagaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Ása Björnsdóttir
Steinþór Steingrímsson
Sævar Öfjörð Magnússon



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Hagaborgar hefur farið yfir starfsáætlun Hagaborgar vegna starfsársins 2020-2021. Við í foreldraráði teljum að í starfsáætlun komi með skýrum og greinargóðum hætti fram það starf sem unnið er innan leikskólans.

Enn fremur teljum við að áætlunin taki til allra þeirra þátta sem fram skulu koma í starfsáætlun og góð grein er gerð fyrir matsaðferðum og umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra og ytra mats, ferlinu og ábyrgðaraðilum hvers þáttar. Markmið eru skýr, en einnig leiðir til að ná þeim og mæla árangur.

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal





Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: Hagaborg

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M	2 F	2 M Vinavika í leikskólanum	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F Sumarhátíð	3 L
4 Þ		4 F Starfsdagur	4 S	4 M	4 F	4 M Starfsdagur meló	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F	Leikskólinn opnar aftur	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ Umhverfisþema	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	Baráttudagur gegn einelti	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Hreinsunardagur	7 M	7 M Leikskólinn lokar í 20 daga
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	Aðlögun á milli deilda	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Starfsdagur meló	10 F	10 L
11 Þ		11 F	11 S	11 M Starfsdagur meló	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	Starfsdagur (færður)	17 F	17 L	17 Þ	17 F Jólabball	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	Aðlögun nýrra barna	18 F	18 S	18 M Smíðjudagur	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F		19 L	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F Starfsdagur	20 S	20 Þ
21 F		21 M Foreldrakingningar	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Smíðjudagur	21 F Starfsdagur	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Fjölskyldukaffi	22 M Fjölskyldukaffi	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M	Setning grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M	25 F Jóladaur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmisunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F Þorablót			29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S				31 M		



10. ágúst 2020

Umsögn Leikskólinn Hagaborg

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið SFS.

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Hagaborgar uppfyllir viðmið SFS og hefur verið samþykkt af skóla- og frístundaráði að teknu tilliti til athugasemda sem settar eru fram í meðfylgjandi leiðsagnarmati.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við leikskólaráðgjafa.

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála.

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.

Leikskóli: Hagaborg

Dagsetning yfirferðar: 10. ágúst 2020

Starfsáætlun	Já	Að hluta til	nei	Athugasemdir
Greinargerð leikskólastjóra	X			Fín umræða um verkefni vetrarins. Umfjöllun um starfsmannahópinn á ekki heima í greinargerð og að setja inn nöfn starfsmanna er í andstöðu við persónuverndarlög og er betra að taka út áður en starfsáætlunin er birt á heimasíður.
Innra mat deilda				
Álfaland	X			Umbótaáætlun skýr og aðgengileg. Gæta að börnin séu með í mati. Hvernig á að meta þáttinn Sjálfbærni?
Krílaland	X			Samantekt innra mats síðasta vetrar. Hér hefði mátt draga enn frekar fram styrkleika og tækifæri. Umbótaáætlun skýr og aðgengileg. Gæta að börnin séu með í mati.
Putaland	X			Samantekt innra mats síðasta árs? Umbótaáætlun skýr og aðgengileg, skoða má hvort ekki sé samræmi milli markmiða og viðmiða.

				Einnig að gert sé ráð fyrir börnum í matinu.
Fiskaland	X			Samantekt innra mats síðasta árs? Umbótaáætlun skýr og aðgengileg, skoða má hvort ekki sé samræmi milli markmiða og viðmiða. Einnig að gert sé ráð fyrir börnum í matinu.
Fuglaland	X			Samantekt innra mats síðasta árs? Umbótaáætlun skýr og aðgengileg, skoða má hvort ekki sé samræmi milli markmiða og viðmiða. Einnig að gert sé ráð fyrir börnum í matinu.
Sérkennsludeild	X			Fín umbótaáætlun um sérkennslu. Ekki var óskað eftir innra mati á sérkennslu eða greinargerð að þessu sinni sem hluta af starfsáætlun. (vinsamlegast taka út áður en birt á heimasíðu).
Ytra mat	X			Starfsmannakönnun, voru einhverjir þættir sem þið munið vinna með í vetur?
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	X			
Áætlun um símenntun	X			
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar	X			
Tímasett áætlun vetrarins			X	
Foreldrasamvinna				

Foreldraráð	X			
Foreldrafundir	X			
Foreldraviðtöl	X			
Foreldrafélag	X			
Samskipti við erlenda foreldra			X	
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	X			
Fylgiskjöl, Umsögn foreldraráðs	X			
Fylgiskjöl, matsgögn				
Annað				Ekki var óskað eftir greinargerð um skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.